

19. febrúar 2002

Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak
Umsögn SVP- Samtaka verslunar og þjónustu

I. Inngangur

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

Samtökin hafa yfirfarið frumvarpið og tekið saman þær athugasemdir sem á eftir fylgja.

II. Umsögn

SVP- Samtök verslunar og þjónustu telja efni frumvarpsins brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti. Ef frumvarpið verður að lögum er verið að misnota einkaleyfi ríkisins til sölu á áfengi með gróflegum hætti.

Innan vébanda SVP eru flestar smásöluverslanir í landinu. Samtökin hafa beint þeim tilmælum til þessara aðildarfyritækja að þau starfi samkvæmt viðurkenndum siðareglum um samskipti innkaupamanna og birgja, sem SVP kynntu þeim undir lok ársins 2000, en þær voru fengnar frá Bretlandi. Lög sem skylda birgja til að greiða dreifingaraðila fyrir að taka við vöru sinni væru mjög gróft brot á þessum siðareglum. Að undanfögnu hafa verið uppi háværar kröfur af hálfu bæði stjórnvaldamanna og heildsala að Samkeppnisstofnun komi hér á sambærilegum siðareglum. Þær reglur sem lagt er til í frumvarpinu að verði að lögum gefa ekki gott fordæmi um hvernig slíkar reglur yrðu.

Í frumvarpinu felst sá áfellingdómur yfir starfsemi ÁTVR að sú stofnun sé ekki fær um að meta hvaða vörutegundir eru vænlegar til að höfða til neytenda. Með þessum lögum yrði ÁTVR firrt ábyrgð á því hvort hún tekur til sölu vöru sem ekki selst, - birgjarnir þyrftu að greiða allan kostnað sem af því hlytist.

Frumvarpið sýnir, svo ekki verður um villst, að sala á áfengi ætti að vera frjáls. Þá væri óhugsandi að sett yrðu lög sem skylda birgja til að greiða smásala fyrir að taka vöru til sölumeðferðar.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá umrætt mál til umsagnar og eru reiðubúin til samráðs eða svara eftir því sem þörf krefur.

Virðingarfyllt,

SVP- Samtök verslunar og þjónustu


Sigríður Jónsson framkvæmdastjóri